

24. mars 2022

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)



Bindindissamtökunum IOGT á Íslandi hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi), sem er 334. mál 152. löggjafarþings, á þskj. nr. 474.<sup>1</sup>

IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi og telur að samþykkt þess að hluta eða allt, muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla áfengis veldur. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni og er fíkniefni og eiturlyf. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.

Áfengisforvarnir ríkisvaldsins byggja á fjórum meginstoðum í regluverki: **Takmarka** aðgengi að áfengi í tíma og rúmi, það er, hvernær og hvar er hægt að kaupa áfengi, **aldurstakmörk** á neyslu, banna hvers kyns **markaðssetningu** áfengis og kaupum á áfengi, og stýringu á **verði** áfengis, t.d. með áfengisgjaldi (og lágmarksverði á áfengiseiningu eins og gert er í Skotlandi).

Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR, og einkaleyfi hennar á smásölu áfengis til neytenda er hornsteininn í áfengisforvörnum á Íslandi og er besta leiðin til að þessar meginstoðir virki. Með því að ríkisreka smásöluna hverfur grófasta gróðasjóarmið og þrýstingur (söluhvetjandi aðferðir) til að ná fram sem mestum gróða fyrir áfengisíðnaðinn sem svífst einskis til að gera fleiri háða sínum vörum.

Almenningur vill hafa ÁTVR áfram. Kannanir sýna að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem nýta þjónustuna þar eru ánægðir. Áfengisíðnaðurinn berst hatrammlega fyrir því að leggja ÁTVR niður því þeir vita það þá mun seljast meira áfengi og fleiri munu verða þrælur Bakkusar og þeir einir sem standa að áfengisíðnaðinum munu græða en allir aðrir tapa.

Umræðan um áfengi og önnur vímuefni á alls ekkert skylt við einhverja rómantík og má alls ekki vera af einhverri léttúð. Ekkert við þær hugmyndir um að auka sölu á áfengi bendir á tjónið sem áfengið veldur. Samfélagið mun tapa margfalt meira en þeim 130 milljörðum sem áætlað er að neysla áfengis kostar í dag. Við tilslakanir á áfengislögum, hverjar sem þær eru, eykst neyslan um 14-31% sem eykur kostnaðinn gríðarlega. Innkoman hjá ÁTVR skilar sér þó til ríkisins upp í kostnaðinn.

Í dag getur fólk hlaðið niður appi í símann sinn frá t.d. McDonalds og staðið fyrir utan staðinn og pantað. Eða farið inn á staðinn, þar er snertiskjár (sem sendir pöntunina yfir „internetið“) þar sem þú pantar og borgar vöruna og sækir síðan vöruna 10 metra í burtu við afgreiðsluborð. Þetta er það sem líklega yrði sett upp í Hagkaup, Heimkaup og Costco um leið og þetta frumvarp yrði að lögum. Og áfengið yrði selt mun ódýr en í ÁTVR og neyslan og tjónið mun stórukast. Farið fram hjá smásölubanninu, ÁTVR sniðgengið og þannig lagt niður. Þetta má ekki gerast.

Fyrirliggjandi frumvarp felur að mati IOGT á Íslandi í sér algjöra stefnubreytingu í áfengismálum á Íslandi og forsendubrest fyrir einkaleyfi ÁTVR. Þau rök sem nefnd eru í frumvarpinu um að það feli „ekki í sér

tillögur um breytingu á áfengisstefnu eða áherslu í lýðheilsumálum" og „ekki grundvallarbreytingu á áfengislöggjöfni" standast ekki skoðun.

Þetta frumvarp vinnur sannarlega gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,<sup>2</sup> Jafnréttisviðmiðum ríkisstjórnarinnar,<sup>3</sup> Sjálfbærnimarkmiðum sameinuðu þjóðanna,<sup>4</sup> Forvarnastefnu fyrri ríkisstjórna og þessarar, fyrri lýðheilsustefnum, gegn WHO - Global strategy to reduce harmful use of alcohol, gegn WHO - European action plan to reduce the harmful use of alcohol 2012–2020,<sup>5</sup> gegn WHO - Global Action Plan for the Prevention and Control of NCDs 2013-2020 og gegn NDPHS Declaration on Alcohol Policy. Hjá WHO í Evrópu er stefnan að minnka áfengisneyslu í Evrópu um 10 % miðað við árið 2010 fyrir árið 2025. (Á Íslandi vex áfengisneysla). Alþjóða heilbrigðismálastofnunin telur víða pott brotinn í stafrænni markaðssetningu á áfengi.<sup>6</sup>

Umfjöllun um breytingar á lögum um áfengi og önnur vímuefni er ekki einkamál iðnaðarins, einstakra stjórnmalaflokka, einstakra þingmanna eða ráðherra. Neikvæðar afleiðingar neyslu áfengis og annara vímuefna snerta alla í samfélaginu, hvern einasta krók og kima. Þeir sem verða harðast úti eru þeir sem síst skyldi svo sem börn, konur, eldri borgarar, þeir sem lenda í fíkn. Því miður er enginn ósnortinn af neikvæðum afleiðingum áfengis og er því mikilvægt að allir flokkar, þingmenn, ráðherrar, sveitastjórnir, samfélagsþegnar beiti sér fyrir því að dregið sé úr neyslunni til að fleiri fái að njóta sín og sinna möguleika í lífinu til fulls.

Það eru alvarleg mistök Alþingis að hleypa þessu frumvarpi áfram án þess að fram fari lýðheilsumat.<sup>7</sup> Samþykkt var að öll mál sem gætu breytt lýðheilsu yrðu skoðuð sérstaklega með lýðheilsumati.

Samfélagið tapar ekki bara peningum á áfengi (130 milljarðar á ári) Lýðheilsunni hrakar verulega. Í dag sjáum við aukin tilfelli skorpulifur, hjarta og æðasjúkdómar, krabbamein, heilabilun, þynnkuveikinda, þunglyndi.....

Samfélagið tapar líka glötuðum lífsgæðum einstaklinga, menntunar barna og ungmenna, námsúthaldi stúdenta, hráefni til matvælaframleiðslu, gríðarlegu framleiðslu og framleiðni ásamt því að margur nýsköpunarsprotinn hefur drukknað í alkóhóli.

Markmið stýringar neyslu áfengis er að draga úr skaðlegum áhrifum. Æ fleiri rannsóknir sýna að ekkert magn er öruggt. Öll neysla áfengis getur verið skaðleg. Rannsóknir á krabbameinum eru athyglisverðar hvað þetta varðar. Lífsgæði og lífsmöguleika þarf líka skoða. Fjármálaheimurinn ætti að skoða hvað tapast í framlegð og framleiðslu tengt áfengi.

Alþjóða samfélagið telur ríkiseinkasölu áfengis eina af áhrifaríkustu leiðunum til að draga úr skaðseminni ásamt háu verði, takmörkuðu aðgengi og banni við markaðssetningu. Þeir sem vilja skoða þessa hluti í ljósi okkar reynslu geta borið áhrifin saman við takmarkanir á sölu tóbaks.

Víða í heiminum er verið að draga úr neyslu og takmarka áfengisiðnaðinn. Minna má á að það er aðeins um 40% jarðarbúa sem nota áfengi. Litháen var að herða sín lög, Danmörk er sporna við unglingsdrykkju. Íslenska módelið er orðið heimsfrægt í forvarnarheiminum hvað varðar lýðheilsu. Í Espad rannsóknnum sést að ungmenni hafna neyslu áfengis og annara vímuefna í auknu mæli.

Aðalsteinn Gunnarsson framkvæmdastjóri IOGT á Íslandi

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/152/s/0474.html>

<sup>2</sup> <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/heildartexti-barnasattmalans>

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>

<sup>4</sup> <https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

<sup>5</sup> <https://www.euro.who.int/en/health-topics/disease-prevention/alcohol-use/publications/2021/making-the-european-region-safer-developments-in-alcohol-control-policies,-20102019-2021>

<sup>6</sup> <https://nordan.org/who-report-on-digital-marketing-of-alcohol-control-policies-in-the-european-region-are-not-enough/>

<sup>7</sup> <https://www.althingi.is/altext/151/s/1759.html>